



Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent á umsagnagátt Alþingis

Reykjavík 6. maí 2024

Efni: Umferðarlög (smáfarartæki o.fl.), 923. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvubréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 22. apríl 2024 þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á umferðarlögum nr. 77/2019, sem byggðar eru á tillögum starfshóps innviðaráðherra um smáfarartæki. Með frumvarpinu er mælt fyrir um nýjan flokk ökutækja, smáfarartæki, og mun að mestu fara um þau sem reiðhjól og um ökumenn þeirra sem hjólreiðarmenn líkt og nánar er rakið í frumvarpinu.

Samtök atvinnulífsins tóku saman umsögn drög að skýrslu starfshóps um smáfarartæki 22. apríl 2022. Í umsögn samtakanna kom m.a. fram að samtökin hefðu áður bent á mikilvægi einföldunar á regluverki og eftirliti þar sem óhagræði og kostnaður, bæði beinn og óbeinn, er of víða hér á landi. Fyrir lægi að vinsældir smáfarartækja væru gríðarlegar og að líkur væru til þess að þær færu vaxandi á næstu árum. Floti fyrirtækja sem leigi út smáfarartæki færi ört stækkandi auk þess sem hlutdeild tækja í einkaeigu færi hækkandi ár frá ári. Í því ljósi bentu samtökin á að stjórnvöld þurfi að stíga varlega til jarðar þegar kemur að reglusetningu um þessi farartæki og gæta þess að hægja ekki á þeirri hröðu nýsköpun á sér stað á þessu sviði.

Líkt og rakið er í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) frá 6. október 2022 hefur notkun smáfarartækja jákvæð áhrif á losun CO₂, dregur úr umferð bifreiða og þar með úr umferðartöfum. Notkun þeirra hefur því jákvæð áhrif á samfélagið í heild. Rétt eins og rakið er í umsögn SAF telja SA mikilvægara að leggja áherslu á fræðslu og forvarnir en boð og bönn líkt og frumvarpsdrögin gera.

Samtökin gera sérstakar athugasemdir við að sömu refsímörk gildi samkvæmt frumvarpinu við akstur smáfarartækis ef magn áfengis í blóði er meira en 0,5‰ eða magn vínanda í lítra útöndunarlofts meira en 0,25 mg, og við akstur annarra vélknúinna ökutækja. Í þessu samhengi vilja samtökin vekja athygli á niðurstöðu Hæstaréttar Noregs frá 16. febrúar 2023 (HR-2023-298-A (sak nr. 22-168191STR-HRET)). Í málinu var A ákærður fyrir akstur smáfarartækis (rafhlaupahljóli) undir áhrifum áfengis, en magn vínanda í lítra útöndunarlofts A mældist 0,40 mg. Við ákvörðun refsingar leit Hæstiréttur Noregs til þess að minni áhætta fylgdi akstri rafhlaupahjóla en bifreiða og að hættan beindist einkum að ökumanni rafhlaupahjóls en ekki að öðrum ólíkt bifreiðum. Orðrétt sagði m.a. svo um þetta atriði í dómi Hæstaréttar Noregs:

Oppsummeringsvis forstår jeg dette slik at **bruk av elsparkesykkel er forbundet med vesentlig lavere risiko enn bilkjøring, noe som tilsier et klart lavere straffenivå**. Videre er risikoen forbundet med elsparkesykkel i hovedsak knyttet til brukeren selv; det er få tilfeller der andre enn brukeren selv blir skadet. Etter min



mening má risiko for skade på andre veie tyngre enn risiko for skade på gjerningspersonen selv. **Samlet sett taler risikobetraktninger for at bruk av elsparkesykkel med promille bør straffes vesentlig mildere enn promillekjøring med bil.** [leturbreytingar eru undirritaðs]

Í ljósi þess sem að framan getur taldi Hæstiréttur Noregs réttara að líta til dómafrankvæmdar um ölvunarakstur léttra bifhjóla (e. moped) við ákvörðun refsingar A.

Um viðurlög við akstri smáfarartækja undir áhrifum áfengis er að nokkru vikið í greinargerð með frumvarpi til laganna og þar áréttað að öll ölvunarakstursbrot eigi undir 95. gr. laganna. Viðurlög séu þar tilgreind sektir eða fangelsi allt að tveimur árum og á það til að mynda einnig við ef maður hjólar eða reynir að hjóla eða stjórnar eða reynir að stjórna hesti eins og áréttað var með 14. gr. laga nr. 39/2021, um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019. Um er að ræða refsiaákvæði í sérlögum sem nánar er útfært skv. 97. gr. laganna. Þar segir að sektir fyrir brot skv. 94. og 95. gr. og reglugerðum settum samkvæmt þeim skuli nánar ákveðnar í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Í ljósi þess hve frábrugðinn ölvunarakstur smáfarartækis er öðrum ölvunarakstri telja samtökin réttara að færa aksturinn undir annað viðurlagaákvæði.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins